

Til allsherjar- og menntamálanefnd.

Umsögn um 459/148 stjórnarfrumvarp: lögheimili og aðsetur

7. maí, 2018.

Mér er ljóst að frestur til að skrifa inn umsögn vegna þessa frumvarps rann út 12. apríl. Ég ber samt þá von að erindi mitt verði tekið fyrir því mál mitt er þungt og snertir margar manneskjur í þessu landi sem lifa við sömu aðstæður og ég.

Í janúar síðastliðnum festi ég og sambýlismaður minn kaup á litlu húsi, Eyrar 23, 276 Mosfellsbæ sem staðsett er í skipulagðri frístundabyggð og í júní fluttum við alfarið inn með börnin okkar tvö. Húsið er traust og fallett og þar líður fjölskyldunni vel. Þarna fæddist okkur þriðja barnið. Þarna er grunnþjónusta, góðir nágranna, hverfisviðburðir, hitaveita, ljósleiðari og öll þau þægindi sem fjölskylda getur óskað sér.

Það ætti ekki að hafa farið framhjá neinum ástand fasteigna- og leigumarkaðsins í höfuðborginni. En um langa hríð höfðum við leitað fasteignar á höfuðborgarsvæðinu bæði til kaups eða leigu en án nokkurs árangurs, um leið og við borguðum himinháa leigu sem lagðist þungt á fjárhag fjölskyldunnar. Svo kom að því að við gáfumst upp og ákváðum að gefa börnum okkar meiri lífsgæði en borgin gat veitt og stefndum út fyrir borgina. Nú búum við vel og börnin sækja góðan skóla þar sem þeim vegnar vel og eru hamingjusöm. Sá heitir Klébergsskóli og er rekinn af Reykjavíkurborg en staðsettur á Kjalarnesi.

Í erindi mínu sem tekið var fyrir á hreppsnefndarfundum þann 7.9.2017 fór ég þess á leit við hreppsnefnd Kjósarhrepps að fá okkur skráð óstaðsett í hús innan hreppsins. Þetta gerði ég meðal annars til þess að koma til móts við hreppinn sem þyrfti þar með ekki að sinna fullri þjónustu við okkur heldur einvörðungu að leyfa börnunum að taka skólarútuna líkt og nágrannar þeirra fá að gera. Svo háttar nefnilega til að fordæmi er fyrir því í okkar hverfi – okkar næsta nágrenni sem og annarstaðar í hreppnum að fólk hefur fengið þessa skráningu og börn þeirra fá að njóta þjónustu skólarútnnar.

Á fyrrnefndum hreppsnefndarfundum var þessari beiðni minni hafnað á grundvelli 1. gr. laga nr. 21/1991, 3. mgr um lögheimili. Í nánari útskýringu hreppsnefndar í bréfi sem mér barst 1. nóvember 2017 bera nefndin fyrir sig kostnað vegna óstaðsettra skráninga í sveitarfélagið er geti haft afgerandi neikvæð áhrif á fjárhag sveitarfélagsins. Þar með hafi nefndin ákveðið að hafna öllum umsóknum um 'óstaðsett í hús'. Því erum við enn skráð með lögheimili að Vesturgötu 26b, 101 Reykjavík sem við fáum ekki breytt.

Mér er kunnugt um þá breytingu lögheimilislaga sem gerð var til bráðabirgða árið 2006 þar sem girt var fyrir það að skrá lögheimili í frístundabyggð en sem hinsvegar stendur ekki í vegi þeirrar heimildar sem sveitastjórnir hafa til að skrá fólk óstaðsett innan sinna vébanda ef góð rök liggja fyrir. Ljóst er að misræmi er milli stjórnarskrárbundinna réttinda fólks að ráða búsetu sinni og lagaheimildar sveitarfélaga hinsvegar sem vilja gæta að fjárútlátum sínum. Þarna eru lög augljóslega að stangast á og þar með draga úr lífskjörum og lífsgæðum fólks. Þetta þarf að

endurskoða þannig að hagsmunir beggja aðila sé gætt með skráningu lögheimilis í frístundabyggð, t.d. með takmarkaðri þjónustu.

Mál okkar leggst þungt á fjölskylduna, sérstaklega sökum barna okkar sem er synjað um notkun skólarútunnar þó svo að skólarútan mætir uppi við afleggjarann að frístundabyggð okkar til að sækja nágrannabörn okkar barna sem fá að nota þjónustu rútunnar, sem okkar börnum leyfist ekki - þrátt fyrir að búa við nákvæmlega sömu aðstæður og við, ýmist í sama hverfi og við eða í sumarhúsum landeigenda hér um kring. Þetta er klárlega mismunur í okkar augum sem ber keim af óréttlæti og fordómum í okkar garð af hálfu hreppsnefndar en kemur þó sérstaklega harkalega niður á börnum okkar sem finna til óréttlætis en geta illa borið hönd fyrir höfuð sér.

Þess vegna ber ég ykkur erindi mitt því ég tel það mikilvægt að þið sem kjörnir fulltrúar fólksins geri ykkur ljóst hver áhrif þessara bráðabirgða ákvæða í lögum hafa á venjulegt fjölskyldufólk og sér í lagi börnum þeirra. Sérstaklega í ljósi þess að skólasókn er lögbundinn réttur allra barna og börnin okkar að auki á skólaskylduatriði. Því er það algerlega ólíðandi að þeim sé refsað sökum gjörða foreldra sinna. Þessari mismunur sem börn okkar verða fyrir verður að linna og fólk verður að fá rétt til þess að ráða búsetu sinni.

Mér er kunnugt um að í nýju frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að heimilt verði að skrá lögheimili í frístundabyggð heldur einungis í húsnæði sem skilgreint er sem íbúðarhús. Von mín er sú að með þessu bréfi sjáið þá hlið þessa máls er varðar fólkið og þau áhrif sem þessi bráðabirgða ákvæði og mögulegt frumvarp mun hafa á líf þeirra sem reyna eftir fremsta megni að skapa sér og fjölskyldum sínum sómasamlegt líf í nánast sem ómögulegu ástandi fateignamarkaðar. Það er tími til kominn að öll sveitarfélög byrji að hugsa út fyrir sína eigin hagsmuni og sér í lagi að þau sveitarfélög í og um kring Reykjavík axli ábyrgð svo leysa megji úr þeim vanda er steðjar að fólki og fjölskyldum þeirra í og úr borginni. Nú þegar eru þó nokkuð margar fjölskyldur í okkar nágrenni í sömu stöðu og við og greina má að þetta er þróun sem mun halda áfram að aukast sökum húsnæðismála í Reykjavík og aukins áhuga fólks á að búa utan borgarinnar. Því er augljóst að brýnt er að taka á málum okkar og annarra í svipaðri stöðu svo fjölskyldur séu ekki skildar eftir á vergangi og börnum mismunandi. Því er það von okkar að stjórnarskrárleg réttindi fólks að ráða búsetu sinni verði gerð að fullgildum lögum.

Með einlægni,

Sigurlaug Knudsen Stefánsdóttir

Eyrar 23, 276 Mosfellsbæ

S. 662 1045